



Alþingi
Erindi nr. P 140/907
komudagur 17.1.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2012

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Þríhnúkagíg, 65. mál

Höfuðborgarstofa fagnar tillögu um að hefja nú þegar skipulagða vinnu til þess að fylgja eftir hugmyndum um að gera Þríhnúkagíg í Bláfjöllum aðgengilegan fyrir ferðamenn með lagningu vegar að hnúknum og göngum í hann.

Hugmyndin fellur afar vel að nýrri ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011 - 2020, Styrkum stoðum þar sem fram kemur í samþykktum forgangsáðgerðum að:

Reykjavíkurborg taki þátt í að kanna möguleika á að gera Þríhnúkagíg á Reykjanesfólkvangi aðgengilegan ferðamönnum með það að markmiði að þar verði þróaður áfangastaður á heimsælikvarða.

Hugmyndin fellur einnig vel að þeim meginmarkmiðum í ferðamálum Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2011 – 2020 að efla vöruþróun með það að markmiði að auka fjölbreytni og framboð afþreyingar og þjónustu í Reykjavík utan hánnar.

Fyrir hönd Höfuðborgarstofu,

Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður.